

Smá greinargerð með máli í bæjarráð.

Til : Bryndís Ósk Jónsdóttir
Frá : Marzellíus Sveinbjörnsson
Heiti : Smá greinargerð með máli í bæjarráð.
Málsnúmer : 2020100061
Málsaðili : Framsóknarfélag Ísfirðinga
Skráð dags : 16.10.2020 10:36:53
Höfundur : Marzellíus Sveinbjörnsson

Viðhengi [image004.png](#)
[image003.jpg](#)
[image002.jpg](#)
[image001.jpg](#)

Á tímabili átti sér stað mikil uppsöfnun á allskonar járnadrasli á svæðinu fyrir neðan Eimskip. Sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs gerði átak í að laga ástandið og benti mönnum á að fjarlægja það. Þetta bar mjög góðan árangur.

Því miður jókst þá uppsöfnun neðar á tanganum og nú eru þar komnir miklir haugar af allskonar endurvinnsluefnum sem engin leyfi eru fyrir. Þarna eru meðal annars spilliefni í formi rafgeyma.

Þetta gengur ekki lengur og því lagt til að svæðið verði girt af til þess að stöðva þessa uppsöfnun og vinna þetta svo niður. Það væri líka hægt að semja við verktaka um að fjarlægja þetta fyrir bæinn.

Undirritaður tók þetta mál fyrir í hafnarstjórn. Hafnarstjóri sagði að hann hefði látið gera skurk í því að taka allt það drasl sem þarna var á vegum hafnarinnar og eyddi á aðra miljón í það verk. Hafnarstjóri segir þetta svæði ekki vera á vegum hafnarinnar.



Marzellíus Sveinbjörnsson.





JAFNLAUNAVOTTUN
2020 - 2023